

## **Aðalfundur Stjörnunnar, starfsárið 2020**

Aðalfundur félagsins skal haldinn eigi síðar en 15. maí ár hvert. Til aðalfundar skal boðað með minnst viku fyrirvara í almennri auglýsingu í Garðabæ. Aðalfundur telst löglegur, sé löglega til hans boðað.

Kosningarétt og kjörgengi á aðalfundi hafa allir skuldlausir félagsmenn er náð hafa 18 ára aldri.

### **Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:**

- 1) Fundur settur.
- 2) Kosinn fundarstjóri og fundarritari.
- 3) Flutt skýrsla aðalstjórnar (og einstakra deilda frá síðasta ári).
- 4) Lagðir fram endurskoðaðir reikningar aðalstjórnar félagsins, ásamt heildarreikningi fyrir allt félagið.
- 5) Umræða og atkvæðagreiðsla um skýrslu aðalstjórnar, deilda og reikninga.

### **Hlé á hefðbundinni dagskrá.**

- 6) Lagabreytingar.
- 7) Kjör aðalstjórnar:
  - tveir stjórnarmenn til tveggja ára
  - einn varastjórnarmaður til tveggja ára

Kosning endurskoðenda:

- endurskoðendur til eins árs
- varaendurskoðendur til eins árs

Á hverjum aðalfundi skal kjósa tvo stjórnarmenn og einn varamann. Formaður er kosinn annað hvert ár.

- 8) Önnur mál